

Fundur haldinn mánudaginn 11. nóvember kl. 13:00 að Skriðuklaustri í Fljótsdalshreppi.

Mætt: Gunnþórunn Ingólfssdóttir formaður stjórnar, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Vilhjálmur Jónsson, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson, Þorsteinn Steinsson, og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Jón Þórðarson boðaði forföll.

Gunnþórunn formaður stjórnar bauð fundarmenn velkomna til fundarins.

Dagskrá fundarins.

1. Undirbúningur aðalfundar
 2. Önnur mál
1. Forstöðumaður lagði fram ársreikning skrifstofunnar fyrir árið 2012. Í niðurstöðu kemur fram að halli á rekstrinum er um 1,4 milljónir en gert var ráð fyrir 6,0 milljónum í halla skv. fjárhagsáætlun. Almennar umræður urðu um ársreikninginn. Veltu fundarmenn því fyrir sér hvort þörf væri á að gera betri grein fyrir fjármunum vegna B-deildar, málefna fatlaðs fólks, í reikningnum. Fundarmenn sammála um að ársreikningurinn gæfi góða mynd af stöðunni en lýsandi væri að um skiptingu fjármuna milli svæða í ársskýrslu skrifstofunnar. Einnig voru lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir 2014 og forsendur hennar. Nokkrar umræður fóru fram um drögin og var ákveðið að hafa áætluð framlög Jöfnunarsjóðs og sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks inni í drögunum. Áætlað er að samtals kr. 398.000.000,- falli til málaflokksins og útgjöld verði í samræmi við það. Jafnframt samþykktu fundarmenn að hækka framlög aðiladarsveitarfélaga miðað við framlögð drög í kr. 48.685.000,- og leggja þar með áfram áherslu á að vinna á biðlistum eftir sálfræðipjónustu. Stjórnin áætlað að skoða málstöðuna með vorinu og meta stöðuna þá aftur. Einnig var rætt hvort stjórnin ætti að setja fram markmið um hámarks biðtíma eftir þjónustu. Fundarmenn árituðu ársreikninginn og samþykktu að vísa honum og fjárhagsáætlun til afgreiðslu aðalfundar.
 2. Forstöðumaður sagði frá erindi sem barst til Skólaskrifstofunnar um þátttöku í kostnaði vegna þjónustu við börn sem þurfa að leita til barnageðlæknis á Akureyri. Málið var rætt og voru fundarmenn sammála um að Skólaskrifstofan gæti ekki tekið að sér að greiða fyrir þjónustu sem vísað væri af öðrum kerfum sem rekin eru af ríki eða þegar foreldrar leita þjónustu án aðkomu Skólaskrifstofu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45
Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson